

1871.

11. ágúst.

og aðra af prestastött, að þeim geti ekki komið í hag það, sem fyrir er mælt í lögum 26. marz f. á. 7. gr., sbr. 13. gr., um að embættismenn framvegis skuli vera lausir við að borga gjald fyrir embættisveitingarbréf, og heldur ekki næði aukafjárhagslögin, sem gefa upp gjöld fyrir veitingar — eða leyfisbréf, sem eru óborguð 31. marz 1870, til þeirra, en sökum þessa yrði að greiða þessi gjöld til ríkissjóðsins.

Um leið og þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð frekari ráðstafanir og birtið það, skal því við bætt, að gjald það, sem átti að greiða fyrir veitingarbréf Jens Sigurðssonar fyrir skólameistaraembættinu, að upphæð 55 rd. 48 sk., skal falla niður samkvæmt aukafjárhagslögum fyrir 1869—70.¹

Að endingu skal þess getið, að vör í dag höfum tilkynnt þetta stjórnardeild reikningsmálanna.

31. ágúst.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um ferðir póstgufuskipsins.

Um leið og vör sendum fjárhagsstjórninni meðfylgjandi bænarskrá frá 25 mönnum í Vestmannaeyjum, útlagða á dönsku, sem alþing í sumar hefir vísað til stiptamtmanns, en hann aptur hafði sent hingað með bréfi sínu, sem vör látum fylgja með, verðum vör, að því leyti, sem bænarskráin fer fram á, að það sökum þess að Vestmannaeyjar liggja mjög afskekktar, verði lagt skipstjórnarmanninum á póstgufuskipinu fyrir að koma þar við á hverri ferð til Reykjavíkur og þaðan aptur, þótt það kynni að tefja fyrir skipinu, ef það aðeins ekki komist í neina hættu við þetta, — að bera það undir fjárhagsstjórnina, að tekið sé svo mikið tillit til þess, sem sókt er um, sem verður, eptir því

¹) Þetta var og úrskurðað í bréfi til stiptamtmanns, sama dag, um gjald fyrir veitingarbréf Þorgrims Johnsens fyrir héraðslæknisembætti.

1871.

31. ágúst.

hvernig á stendur, en að öðru leyti búumst vèr við, að póstgufu-
skipið nú þegar komi við á Vestmannaeyjum á sumarferðum sínum
bæði á leiðinni til Íslands og hingað aptur.

Um úrskurð þann, sem fjárhagsstjórnin leggur á þetta, væntum
vèr að fá vitneskju.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stipsyfirvaldanna á Íslandi, um sending á fornbréfasafni Norðmanna (Diplomatarium Norvegicum).

1. septbr.

Meðfylgjandi exemplar af VIII. bindis 1. parti af *Diploma-
tarium Norvegicum*, sem hin konunglega kirkju- og kennslu-
stjórn í Norvegi hefir sent hingað, sendum vèr yður með þessu
bréfi, samkvæmt beiðni tèðrar stjórnardeildar, handa stiðtsbóka-
safninu í Reykjavík.

84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir útaf skipaströndum við Ísland, þegar útlendir eiga í hlut.¹

14. septbr.

Eptir að vèr höfðum fengið álit allra amtmannanna á Íslandi
um uppástungu hins frakkneska sendiherra hér í landi um það,
að það verði lagt hlutaðeigandi yfirvöldum á Íslandi fyrir, að senda
tafarlaust og beina leið annaðhvort hinum frakkneska verzlunar-
fulltrúa í Reykjavík eða verzlunarfulltrúanum í Helsingjaeyri öll skjöl,
sem snerta slys eða strönd frakkneskra skipa við Ísland, hefir dóms-
málastjórninni fundizt vera ástæða til, að fara eptir ósk þessari, en jafn-
framt höfum vèr álitid, að bezt eigi við, að það, sem skipað verður

¹) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið.